

6. gr.

Við 8. kafla C-hluta I. viðauka við reglurnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
Varaloftræsting skal vera bundin við þróunar- og björgunarstörf og við staði sem eru í beinu sambandi við aðalloftræstinguna.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipun nr. 92/104/EB, um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, sem vísað er til í 16. lið f XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 7/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. maí 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar frá 11. febrúar 2003 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

	kr.
Sorpgjald A Íbúðarhús	5.000
Sorpgjald B Sumarhús, fullgerð eða í byggingu skv. skrá FMR	5.000
Sorpgjald C Fyrirtæki eða annar atvinnurekstur	50.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps með stöð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps, 11. febrúar 2003.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps, 11. febrúar 2003.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.